

Fimmtudaginn 25. nóvember 1993.

Nr. 272/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóni Ómari Finnssyni

(Bjarni Ásgeirsson hdl.).

Ökutæki. Umferðarlög. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða með áfrýjunarstefnu, út gefinni af ríkissaksóknara 10. maí 1993. Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvalds. Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði segir.

Lögreglurannsókn í máli þessu hófst þegar 27. júlí 1991. Rannsókn lá síðan niðri til 15. janúar 1992, er skýrsla var tekin af ákærða, en 4. september s. á. af lögregluþjónum þeim, sem stóðu hann að verki. Engin skýring er gefin á þessum óeðlilega drætti. Þá var ekki tekin skýrsla hjá lögreglu af vitninu Bjarna Jóhannesi Guðmundssyni. Þessir gallar á málsmeðferð eru aðfinnsluverðir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Ómar Finnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Bjarna Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 26. mars 1993.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febrúar sl., er höfðað með ákæruskjali sýslumannsins á Húsavík, út gefnu 16. október 1992, „á hendur Jóni Ómari Finnssyni, Aðalbraut 51, Raufarhöfn, kt. 030660-3749, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 27. júlí 1991 undir áhrifum áfengis fjórhjólinu ZB-69 frá heimili sínu að Aðalbraut 51, suður Aðalbraut fram hjá bifreið lögregluunnar, sem stóð við umrætt hús, án þess að nema staðar, þrátt fyrir það að lögreglan gæfi honum merki með bláum blikljósum um að staðnæmast, og aka síðan inn á lóðina sunnan við húsið.

Telst þetta varða við 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987“.

Verjandi ákærða, Bjarni Ásgeirsson héraðsdómslögmaður, hefur krafist þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins. Jafnframt krefst hann þess, að sér verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

II.

Samkvæmt frumskýrslu Jóhanns Hinriks Þórarinssonar, lögregluvarðstjóra á Raufarhöfn, var hann við eftirlit í kaupúninu aðfaranótt 27. júlí 1991 ásamt héraðslögreglumanninum Jóni Eiði Jónssyni. Í skýrslunni er greint frá því, að þeir hafi verið á leið norður Aðalbraut klukkan 3.40 í lögreglubifreiðinni Þ-5000, nánar tiltekið móts við hús nr. 51, heimili Jóns Ómars Finnssonar, ákærða í máli þessu. Í skýrslu varðstjórans segir síðan: „Sáum við hann (ákærða) koma akandi á móti okkur á „orange“-litu fjórhjóli, og sat Bjarni Jóhannes Guðmundsson, Aðalbraut 69, á hjólinu fyrir aftan ökumann. Ökumaður lögreglubifreiðarinnar sveigði að miðlínu vegar og blikaði á Jón Ómar með ökuljósum og kveikti síðan á bláu blikljósum til að gefa Jóni Ómari merki um að stöðva aksturinn, en hann hélt rakteitt áfram og herti á ferðinni og ók fram hjá lögreglubifreiðinni inn á lóðina sunnan við hús sitt og upp fyrir það. Ég og lögreglumaður nr. 20 fórum út úr lögreglubifreiðinni og að útidrym heimilis Jóns Ómars á norðurhlíð hússins og sáum þá Jón Ómar og Bjarna Jóhannes hlaupa þar inn og loka á eftir sér.“

Í niðurlagi skýrslunnar er því lýst, er lögreglumennirnir knúðu dyra á heimili ákærða, viðræðum þeirra við ákærða og vitnið Bjarna Jóhannes í anddyrinu og loks mótþróalausri för með ákærða á lögreglustöð.

Í varðstjóraskýrslu, sem rituð var kl. 4.10 og undirrituð og vottuð af nefndum lögreglumönnum, er útliti og hegðan ákærða lýst svo: Áfengisþefur talsverður af andardrætti, framkoma kurteisleg, en kæruleysisleg,

augu rauð og blóðhlaupin, jafnvægi óstöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Samkvæmt þessari skýrslu neitaði ákærði staðfastlega sakargiftum.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar kl. 4.01. Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 31. júlí s. á., reyndist magn alkóhóls í blóðsýninu 1,89‰.

— — —

Niðurstöður.

Í máli þessu hafa tveir lögreglumenn samhljóða lýst akstri ákærða á torfærutæki um Aðalbraut á Raufarhöfn, akstri hans inn á lóð við íbúðarhús nr. 51 þrátt fyrir stöðvunarmerki lögreglu og loks hlaupum hans inn um útidyr norðan á húsinu. Af lýsingu lögreglumannanna má ráða, að atburður þessi hafi gerst svo til í seilingarfjarlægð og með miklum asa. Samkvæmt vætti lögreglumannanna var lögreglubifreiðin nær kyrrstæð, er torfærutækið fór fram hjá við heimili ákærða.

Þegar framangreint er virt og sérstaklega til þess litið, að lögreglumennirnir og ákærði þekktust fyrir þennan atburð, að ökutækið var opið, og loks, að kominn var bjartur dagur í stjörnufræðilegum skilningi, þykir þrátt fyrir neitun ákærða fram komin fullnægjandi sönnun fyrir akstri hans um Aðalbraut og inn á lóð við hús nr. 51. Ákærði þykir með þessum akstri hafa hundsáð stöðvunarmerki lögreglu.

Samkvæmt blóðtökuvottorði og öðrum gögnum málsins var ákærða tekið blóð kl. 4.01 margnefnda nótt á lögreglustöðinni á Raufarhöfn. Lögreglumennirnir sáu fyrst til ferða ákærða á torfærutækinu um klukkan 3.40. Að mati lögreglumannanna var ákærði undir áhrifum áfengis, er honum var fylgt á lögreglustöð nokkrum mínútum síðar.

Með vísan til alls þessa, sbr. og eigin framburð ákærða um áfengisdrykkju, þykir ákærði hafa gerst brotlegur við 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt sakavottorði Sakaskrár ríkisins hefur ákærði ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Ákærði hefur með framangreindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega ákveðin 35.000 króna sekt til ríkissjóðs. Ber ákærða að inna sektargreiðsluna af hendi innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæta ella varðhaldi í tíu daga.

Taka ber til greina kröfu ákæruvaldsins um sviptingu ökuréttinda, og þykir sú svipting með vísan til 102. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin tólf mánuðir frá birtingu dómsins. Áfrýjun frestar ekki verkun dómsins að þessu leyti.

Loks ber með vísan til 1. mgr. 164. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, en málið flutti af hálfu ákæruvalds Snædís Gunnlaugsdóttir fulltrúi, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Bjarna Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns, 45.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Dómsuppkvaðning í máli þessu hefur dregist nokkuð vegna embættis-anna dómara.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Ómar Finnsson, greiði 35.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í tólf mánuði frá birtingu dómsins að telja. Áfryjun frestar eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipuðum verjanda sínum, Bjarna Ásgeirssyni héraðsdómslögmanni, 45.000 krónur auk virðisaukaskatts.